

VEIÐIDAGBÓK



2003



KEA-skyr ljúffeng hollustuvvara

KEA-skyrið er ein vinsælasta hollustuvaranum á markaðnum í dag. Það er mjög bragðgott, próteinrik og nánast fitulaust.



Skýr

EFNISYFIRLIT

8. árgangur



Leiðari	2
Refir og minkar	3
Rjúpnaveidiðimenn og rjúpnarannsóknir	7
Hve áreiðanlegar eru veiðiskýrlur?	11
Skipting landsins í veiðisvæði	20
Veiðiskýrla	21
Veiðitagbók veiðimannsins	24
Minkurinn - áhugaverð bráð	33
Veiðikortakerfið	35
Veiðítölur	36
Friðlýst svæði	38
Kort af friðuðum svæðum	40
Happdrætti	41
Fuglamerki, hvað á að gera við þau?	42
Boð og bönn	44
Veiðítímabil, tafla	48

Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar gefur þennan bækling út og er hann kostáður með auglysingum.

Veiðistjórnunarsvið • Hafnarstræti 97 • 600 Akureyri

Sími: 462-2820 • Bréfasismi: 462-2325

Heimiskaða: www.ust.is • Tölvupóstur: veidistjorn@ust.is

Ljósmynd á forsíðu: Jóhann Ölli Hilmarsson

Prentvinnsla: Ásprent ehf. • 600 Akureyri • S: 4 600 700

Ritstjóri: Bjarni Pálsson, verkefnistjóri veiðikorta

Ábyrgðarmaður: Áki Ármann Jónasson, forstöðumaður veiðistjórnunarsviðs

LEIÐARI



REFIR OG MINKAR



Síðastliðið ár var viðburðaríkt í sögu Veiðistjóraembættisins. Embættið var stofnað árið 1957 en var sameinað Hollustuvernd Ríkisins og Náttúruvernd Ríkisins í eina stofnun undir flaggi nýrrar Umhverfisstofnunar um sl. áramót.

Helstu breytingar eru þær að Umhverfisstofnun er eingöngu stjórnsýslustofnun og eru veiðimálin hýst á Veiðistjórnarsviði sem hefur aðsetur bæði á Egilsstöðum og Akureyri. Vert er að taka það fram að útgáfa veiðikort og umsjón veiðikortakerfisins verður með óbreyttu sniði á Akureyri og því litil hætta á að sú þjónusta við veiðimenn raskist. Allir starfsmenn Veiðistjóraembættisins sáluga starfa áfram hjá hinni nýju stofnun svo veiðimenn geta átt von á sömu þjónustu og verið hefur hingað til.

Veiðikortakerfið hefur þróast á 7 árum í fyrirmundarkerfi sem er bæði stjórnvöldum og veiðimönnum til sóma. Í skoðanakönnun sem gerð var vorið 2002 meðal veiðikorthafa kom í ljós að yfirgnaefandi meirihluti skilar inn veiðitolum af miklum hei-

indum og er það reyndar í samræmi við tilfinningu okkar sem tölm við aragrúa veiðimanna á hverju ári. Dr. Arnór P. Sigrúnsson fuglafræðingur skrifar einmitt um niðurstöður úr þessari könnun í veiðidagbók þessa árs. Veiðikorthafar voru spurðir yfir 80 spurninga um hvaðeina sem við-kemur veiðum og eftir liggur mikill gagnabanki sem við getum leitað til í framtíðinni. Ég vil nota þetta tæki-færi og þakka öllum þeim sem tóku sér tíma og töku þátt í könnuninni.

Veiðitolur eru nú orðnar nokkuð góðar og orðið nokkuð brýnt að fara að vinna úr þeim gagnagrunni að-gengilegar upplýsingar. Að mati undirritaðs er það kristaltært að úrvinnsla veiðitalna er hluti af umsýslu kerfisins og vona ég að sátt verði um þá skoðun meðal veiðimanna. Á þessu ári munum við ef fjárveiting fæst til byrja að vinna úr þessum veiðitolum og skoðanakönnun seinasta árs. Æskilegt væri að gefa þær niðurstöður út í skýrslu sem væri að-gengileg veiðimönnum á vefnum svo og í prentuðu máli.

ÁKI ÁRMANN JÓNSSON FORSTÖÐUMAÐUR

VEIÐISTJÓRNUNARVIÐ UMHVERFISSTOFNUNAR

Mjög góð skil voru á skýrslum frá sveitarfélögum vegna refa- og minkaveiða á árinu 2002. Skil á skýrslum hafa batnað síðustu árin með fækkun og stækkan sveitarfélaga. Hér að neðan eru kostnaðartölur fyrir árið 2002 og til samanburðar kostnaðurinn fyrir árin 2001 og 2000.


Refaveiðin í ár tók kipp upp á við og endaði í nýju meti. Stofninn á vestanverðu landinu virðist vera að byrja í niðursveiflu en á austanverðu landinu er hann enn í fjölgunarfasa og verður það trúlega í nokkur ár í viðbót.

Oft eru sveitarfélög að yfirborga refaveiði og þá oft á kostnað minka-

Tafla 1: Árið 2002 – tölur frá 2001 og 2000 til samanburðar

	Refir			Minkar		
	2002	2001	2000	2002	2001	2000
Veidd dýr	5.268	4.677	4.468	7.249	6.961	6.573
Vinnustundir	13.246	14.358	16.875	15.844	17.623	14.746
Eknir km.	54.676	53.795	54.426	82.787	88.646	83.908
Kostn. millj. króna	56	50	47	39	36	30
Kostn. pr. veitt dýr	10.630	10.605	10.519	5.380	5.229	4.564
Vinnustundir pr. veitt dýr	2,5	3,1	3,8	2,2	2,5	2,2
Eknir km. pr. veitt dýr	10,4	11,5	12,2	11,4	12,7	12,8

Refaveiði 1957-2002



veiðanna. Þó ætti mönnum að vera ljóst að aðalhárslan á að sjálfssögðu að vera á minkaveiðarnar.

Refaveiðarnar eru eingöngu til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum þeirra s.s. elta uppi dýrbita og verja æðarvörp þar sem þurfa þykir.

Tafla 2:

	Hlauparefir	Grendýr	Yrðlingar	Samtals
2002	2.571	790	1.907	5.268
2001	1.860	881	1.936	4.677
2000	1.899	757	1.812	4.468
1999	2.073	731	1.769	4.573
1998	1.476	629	1.669	3.774

stofu Vesturlands í Stykkishólmi hefur verið hafin rannsókn á veiðilá lagi og ferðalögum minksins.


Frumniðurstöður eru mjög áhugaverðar sem sýna að minkurinn ferðast mun hraðar og meira en áður var talið. Þessi rannsókn byggir á góðri samvinnu við veiðimenn og eru allir þeir veiðimenn sem veiða mink á Snæfellsnesi og nágrenni hvattir til þess að skila minkunum inn til Náttúrustofu Vesturlands.

Á seinasta ári var gefin út skýrsla um notkun á minkalæðuhlandi og öðru agni til þess að laða að minka í gildrur. Áhugasamir veiðimenn

geta einnig fengið þá skýrslu senda til sín endurgjaldslaust.

Nú er hafin skráning á veiðitolum sveitarfélaga frá árinu 1957-1994 í samvinnu við skoska minkarannsóknarmenn. Tilgangurinn er að reyna að meta veiðilág og stofnsveiflur aftur í tímann og reikna síðan út hversu mikil þarf að auka veiðilálagið til þess að fara að ofveiða stofninn og hvað það muni kosta. Þetta er hægt með því að nota rannsóknarniðurstöður Náttúrustofu Vesturlands, niðurstöður rannsókna í Skotlandi og beita síðan flóknum tölfraðiaðferðum á gögnum.

Minkaveiði 1957-2002





Hvert er ferðinni heitið?

Íslenskur
kennsludiskur fylgir

Tækin fást
með Islandskortum

Umboðsmenn
um land allt



Legend
kr. 29.000
kr. 44.000 m/korti

Map 76S
kr. 59.000
kr. 74.000 m/korti



R.SIGMUNDSSON ehf

Fiskislóð 16 · Sími: 520 0000 · www.rs.is

RJÚPNAVEIÐIMENN OG RJÚPNARANNSÓKNIR



ÓLAFUR K. NIELSEN

okn@ni.is

Náttúrufræðistofnun Íslands • Pósthólf 5320 • 127 Reykjavík

Inngangur

Rjúpan er vinsælasta veiðibráð skotveiðimanna á Íslandi. Þúsundir ganga til rjúpna ár hvert og upp í 160.000 fuglar eru felldir. Rjúpnastofninn er mjög breytilegur að stærð og ein af forsendum skyndalegrar nýtingar er að á hverjum tíma séu til haldgóðar upplýsingar um ástand stofnsins. Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar Íslands vinna við vöktun rjúpnastofnsins í samvinnu við veiðimenn og fuglaáhugamenn. Þau vöktunarverkefni sem hafa verið í gangi eru karratalningar á vorin og aldurslutföll eru metin þrisvar á ári (vor, síðusumar og á veiðítíma). Skráning Umhverfisstofnunar á veiði er þyðingarmikill hluti af vöktun rjúpnastofnsins. Íslenski rjúpnastofninn hefur staðið höllum fæti á liðnum áratugum.

Vegna þessa ákvað umhverfisráðherra haustið 2002 að grípa til aðgerða til hjálpar rjúpunní. Markmiðið er að draga úr veiði í þeiri von að það eitt og sér nægi til að léttu þrystingi af rjúpnastofninum og að hann nái í kjölfarið að vaxa líkt og hann gerði á fyri helmingi síðustu aldar. Umhverfisráðuneytihæð ættlar að fylgja þessum aðgerðum eftir með rannsóknum á rjúpunni, m.a. á að efla vöktunarkerfið og nota það til að mæla árangur aðgerða. Tilefni þessara skrifra er að hvetja veiðimenn til virkrar þátttökú í þessu starfi. Hvernig geta menn orðið að liði?

Pátttaka veiðimanna í vöktun

Veiðimenn taka virkan þátt í vöktunarstarfi Náttúrufræðistofnunar. Samtök þeirra, SKOTVÍS, hafa séð um að skipuleggja

rjúpnatalningar á nokkrum svæðum. Einnig hafa veiðimenn séð um ungatalningar á Suðvesturlandi. Auk þess skaffa veiðimenn vængi til aldursgreiningar. Í tengslum við boðaðar friðunaraðgerðir á að bæta við talningasvæðum m.a. innan hins friðaða svæðis á Suðvesturlandi og rétt utan við það. Einnig á að auka við mælingar á aldurshlutföllum í stofninum, m.a. taka aldurshlutföll fyrir varpstofn rjúpu á Vesturlandi, eins að bæta Vesturlandi við þau svæði þar sem aldurshlutföll eru tekin síðumars. Þessi gögn gefa öll vísbendingar um ástand stofnsins, við getum boríð stofnstaðr saman á milli

tímabila, ráðið í vaxtarhraða og reiknað út afföll og hvernig þau greinast á aldurshópa. Skoðum eitt dæmi.

Rjúpnatalningar vorið 2002 sýndu að stofninn var í lágmarki um land allt og reyndar búinn að vera á niðurleið í nokkur ár. Einu vísbendingarnar um aukningu vorið 2002 voru frá norðausturhorni landsins, nefnilega á Melrakka-sléttu og í Þistilfirði, en hvergi annars staðar í þessum landshluta. Aldurshlutföll að hausti endurspeglar að einhverju leyti ástand stofnsins. Í uppsveifluárum er hlutfall ungfugla á veiðitíma um 80% en um undir 70% í lágmarksár-

um og niðursveiflu. Í þessu samhengi er fróðlegt að skoða niðurstöður aldursgreininga frá veiðitíma 2001 og 2002 (1. tafla). Þessi gögn sýna lágt hlutfall unga alls staðar 2001 og 2002 nema á Norðausturlandi. Samkvæmt þessum niðurstöðum ætti aukningin, sem vart varð við síðastliðið vor, að sjást miklu viðar á Norðausturlandi á komandi vori!

Skráning á heildarveiði

Eitt mesta framfaraspór í vöktun rjúpnastofnsins á síðari árum var stigið þegar veiðikortakerfi og skylduskil á veiðiskýrslum voru tekin upp árið 1995. Þessi gagnsöfnun hefur breyst og batnað í ár anna rás og fyrir veiðitímann 2002 bar mönnum að skila inn upplýsingum um heildafla og skiptingu hans á milli landshluta. Eins var beðið um fjölda veiðidaga en ósundurliðað eftir landshlutum. Þessi skráning var ekki skylda en réðst af áhuga hvers og eins og því ekki óbjóguð. Þessi gögn sem Umhverfisstofnun safnar eru mjög þýðingarmikil m.a. við gerð stofnlíkans sem á að gera fyrir rjúpu. Þetta eru breytur sem lýsa því hvernig einstaklingurinn, það er

veiðimaðurinn, bregst við stofnbreytingum rjúpunnar (i vistfræðinni kallað afterlissvörðun) og eins hvernig allur hópurinn eða samfélag veiðimanna bregst við (stofnsvörðun). Skráningu Umhverfisstofnunar á veiði þarf að þróa áfram og bæta, m.a. þarf óbjagað mat á veiðisókn og hvernig hún skiptist eftir landshlutum.

Veiðidagbækur

Margir veiðimenn halda nákvæmar veiðidagbækur þar sem þeir skrá veiðidag, veiðistað, afla og hvað sást af fugli. Þessi gögn hafa gildi líkt og veiðidagbækur Sigurfinns Jónssonar fyrir árin 1945-2002 sýna, en þar kom m.a. í ljós að marktækt samband var á milli rjúpnafjölda að vori og hvað sást að rjúpu að meðaltali í veiðiferð haustið á eftir (Timarit SKOT-VÍS 2002, 8: 12-16). Spurningin er hvort ekki sé ástæða til að safna slíkum gögnum skipulega frá áhugasömmum veiðimönnum. Mögulega myndi slíkt bæta og styrkja vöktun rjúpnastofnsins. Hagkvæmast væri ef skilin væru á rafraenu formi og heppilegasti skilavettvangurinn er veiðiskráningarkerfi Umhverfisstofnunar.

Landshluti	Veiðitími 2001		Veiðitími 2002	
	Hlutfall ungfugla	±95% öryggismörk	Hlutfall ungfugla	±95% öryggismörk
Vesturland	0,72	0,07	0,69	0,06
Vestfirðir	0,63	0,13	0,69	0,06
Norðvesturland	0,71	0,04	0,68	0,03
Norðausturland	0,80	0,04	0,77	0,04
Austurland	0,64	0,06	0,73	0,04

1. tafla. Hlutfall ungfugla í rjúpnaafla á veiðitíma 2001 og 2002, skipt eftir landshlutum.

Lokaorð

Rjúpnavreiðar eru ekki sjálf-gefnar og sæmileg sátt næst ekki í samfélaginu um þetta tóm-stundagaman nema allar stað-reyndir séu á ljósu. Hér er átt við að skýr mynd þurfi að vera til af stofnbreytingum, sókn, afla og hvernig þessir þættir eru að þróast á hverjum tíma. Ennfremur, heild-stæð mynd af afleiðingum nytja og hvernig best sé að haga veiði-stjórnun. Þú, veiðimaður góður, getur lagt þitt lóð á vogarskálina. Fyrir það fyrsta að sýna fullan

drengskap í skilum á veiðiskýrslum til Umhverfisstofnunar. Hins vegar, og það er intak þessa pistils, að taka þátt í annarri vökt-unarvinnu hvaða nafni sem hún svo sem nefnist. Framlag hvers og eins ræðst af áhuga og getu. I sinni einföldustu mynd klippa menn vængi af veiddum rjúpum og senda Náttúrufræðistofnun til aldursgreiningar, en þeir sem til-búrir eru að leggja meira að mörkum taka þátt í talningum, skila veiðibókum og svo framvegis.

HVE ÁREIÐANLEGAR ERU VEIÐISKÝRSLUR?



**ARNÓR PÓRIR SIGFÚSSON, ÁKI ÁRMANN JÓNSSON,
BJARNI PÁLSSON OG EINAR GUÐMANN**

Inngangur

Veturinn 2001-2002 var gerð könnun meðal veiðikorthafa til að fá vitnesku um hegðun og viðhorf veiðimanna. Pessar upplýsingar gagnast við túlkun á veiðítöllum og stjórnun veiða. Kannað var ýmislegt viðkomandi veiðum s.s. veiði-aðferðir, hvernig veiðimenn standa að skráningu á veiði, val á vopnum, hvernig veiðiálag dreifist á veiðítíma og fleira.

Hér verður aðeins fjallað um áreiðanleika veiðitalna og þó fyrst og fremst veiðitalna um gæsir. Of langt væri að gera grein fyrir könnuninni allri hér í veiðidagbókinni en í næstu dagbók verður haldd áfram umfjöllun um könnunina.


Aðferðir

Þúsund manna slembiúrtak var tekið úr hópi allra veiðikorthafa frá upphafi, en þeir eru 17.989. Þátt-takendum var sent bréf til útskýringar og boðið að bóka tíma til svara og því gátu menn undirbúið sig með því að rifja upp veiði síðasta veiðíárs. Hringt var í þátttak-endur á fyrirfram ákveðnum tíma ef menn höfðu bókað, annars var reynt að ná í þá síðegis og að kvöldi. Ritari Veiðistjóra hringdi í þátttakendur og síðan voru þeir sendir á spyril og honum aðeins sagt kyn og aldur veiðimanns. Pannig vissu spyrlnir ekki við hvern þeir ræddu og svörin því ekki tengd nafni. Petta nafnleysi var mikilvægt meðal annars vegna


Allt til skotveiða

SJÓBUDIN EHF
LAUPASGATA 1 - 600 AKUREYRI - SÍMI: 462 6120

Remington Beretta EXPRESS Sako Finnsako



Aldur allra veiðikorthafa



Mynd 1. Aldursdreifing veiðimanna í úrtaki könnunarinnar (efri) og allra veiðikort-hafa (neðri).


bess að spurt var um atriði þar sem hugsanlegt var að veiðimennirnir játuðu á sig brot á veiðilöggjöfinni svo sem fjölda skota í fjölskota byssum o.fl. en í skjóli nafnleysis gátu þeir verið hreinskilnir.

Af þeim 1.000 sem völdust í úrtak-
ið nádist í 702 og af þeim svöruðu
643 eða um um 92%. Aldursdreif-
ing úrtaksins samsvaraði vel ald-
ursdreifingu allra veiðikorthafa (1.
mynd). Einnig ef skoðuð er dreif-
ing á gæsafla frá árinu 2001 og
borin saman við bað sem beir

veiðimenn sem lento í úrtakini
veiddu sést að samsvörum þar á
milli er góð og því líkur á að úrtak-
ið endurspegli vel heildina (2.
mynd).

Niðurstöður

Áreiðanleiki veiðitalna ræðst af ýmsu. Í fyrsta lagi skiptir máli hvernig staðið er að skráningu. Nota veiðimenn dagbækur, t.d. veiðibók veiðistjóra, þar sem þeir skrá aflann jafnöðum, eða fylla þeir út veiðiskýrslur eftir minni um áramót? Einnig skiptir




Mynd 2. Samanburður á dreifingu gæsafla samkvæmt veiðiskýrslum og samkvæmt könnun. Ásinn hægra megin á við könnunina en sá vinstra megin veiðiskýrslu

máli hvernig staðið er að skráningu á fuglum sem menn veiða saman eins og gjarnan er með gæsir. Samræma veiðimenn skráninguna fyrirfram eða er hætta á að hluti aflans sé margskráður? Í öðru lagi skiptir drengskapur veiðimanna máli, segja þeir satt til um veiði, eða eru þeir af ásettu ráði að draga úr eða ýkja veiði sína í veiðiskýrslum? Í þriðja lagi er hætta á því að sumar tegundir séu rangt greindar.


Til að svara því hvernig staðið er að skráningu á afla var spurt hvort veiðimennirnir héldu veiðidagbók. Aðeins um 40% veiðimanna notar dagbækur til að skrá veiði þannig að hér er nokkur hætta á að veiðitolur skekkist þar sem hinir fylla út veiðiskýrslur eftir minni. Veiðidagbók veiðistjóra er fyrirferðarlítil og með ýmsum handhægum upplýsingum og því ástæða til að hvetja veiðimenn til að taka hana með til að skrá í veiði. Kónunin sýndi að af þeim sem halda dagbók nota

um 60% veiðidagbók veiðistjóra. Af þeim sem halda dagbók sögðust um 80% skrá aflan samdægurs en um 20% seinna.

Gæsaveiðar eru gjarnan stundaðar af nokkrum mönum saman í hóp. Því er mikilvægt að vita hvernig staðið er að skráningu á afla hópsins. Tökum sem dæmi að tveir veiðimenn veiða 10 gæsir í morgunflugi og skipta aflanum jafnt á milli sín. Hvernig skrá þeir aflann úr þessari veiðiferð á sína skýrslu? Skráir hvor þeirra 5 gæs-



Mynd 3. Hvernig var staðið að skráningu á veiði hóps? Koma veiðimenn sér saman um skráningu og hvernig skrá þeir aflann? Sýnd eru 95% öryggismörk hlutfallsins.



Mynd 4. Gefur þú altaf, oftast, stundum eða aldrei upp réttar veiðitolur?


samráð. Álíka margir skrá það sem kemur í þeirra hlut og skrá það sem þeir töldu sig skjóða (3. mynd). Því bendir allt til að ekki sé mikil hætta á að aflí sé tvísíkráður. Hversu heiðarlegir eru veiðimenn? Þegar spurt var hvort þeir teldu sig skila inn réttum veiðitolum sögðust um 90% alltaf gefa upp réttar tölur (4. mynd). Þau 10% sem ekki sögðust alltaf gefa upp réttar veiðitolur voru þá spurðir hvort þeir gæfu upp of háar eða of lágar veiðitolur og reyndust þá flestir gefa upp of lágar eða annað

hvort of lágar eða háar (5. mynd). Þetta bendir til að veiðimenn séu almennt heiðarlegir við uppgjör á veiðiskýrslum sínum. Þeir sem ekki gefa alltaf upp réttar veiðitolur hafa frekar tilhneigingu til að draga úr afla en að ofskrá. Að-spurðir hve nákvæmar þeir teldu veiðiskýrslur sínar vera þá sögðust um 90% veiðimanna þær vera 95-100% nákvæmar (6. mynd), en þegar þeir voru spurðir um hve nákvæmar þeir teldu veiðitolur Veiðistjóra vera þá voru einungis um 10% sem töldu þær mjög ná-


kvæmar. Það bendir til að þeir treysti ekki öðrum veiðimönnum til að vera jafn nákvæmir og þeir sjálfir eru.

Veiðimenn sem sögðust hafa veitt gæsir voru spurðir hve öruggir þeir væru í að greina aflann til tegunda. Yfir 90% sögðust alltaf vera vissir um greiningu á gæsum eða sjaldan vera í vafa (7. mynd). Reynsla af veiðimönnum er að það er helst vandi fyrir þá að greina ungar blesgæsir frá ungum heiðagæsum. Almennt virðist því röng tegundagreining ekki vera

mikið vandamál í gæsaveiði. Líklegt er að fleiri séu í vafa við að greina í sundur tegundir eins og endur og máfa, sérstaklega unga máfa. Samandregið er niðurstaðan að verulegar líkur eru á að uppgefnar veiðitolur séu nokkuð réttar. Helsta óvissan skapast er veiðimenn skrá afla eftir minni frekar en að nota veiðidagbækur. Erfitt er að segja hvort slíkt leiði til of-eða vanskráningar. Ástaða er til að hvetja veiðimenn til að nota veiðidagbækur, slíkt hefur al-




Mynd 5. Ef þú gefur ekki alltaf upp réttar veiðitolur, eru þær of háar, of lágar, annað hvort eða veit ekki?



Mynd 6. Hve nákvæmar telur þú veiðitolur þínar vera?

mennt upplýsingagildi og eykur ánægju manna af veiðum. Könnunin bendir ekki til þess að aflí sé ofskráður þegar menn veiða saman í hóp. Það er ánægjulegt að sjá hve margir veiðimenn hafa samráð um skráningu og bó slikt samráð sé ekki fyrir hendi þá virðast þeir samt bara skrá sinn hlut. Einnig var ánægjulegt að sjá hve nákvæmar veiðimenn telja veiðitölur sinar vera. Könnun þessi náiði eingöngu til veiðikorthafa en einhver brögð eru af því að menn veiði án veiðikorts. Sú veiði er ekki skráð og erfitt að geta sér til um umfang hennar. Hafa ber í huga



Mynd 7. Hve öruggur ertu í greiningu á gæsafla?

Hreinn veiðibjarkur



Afkomandi ótal kynslóða



**Remington 11-87 Premier,
formfögur og skotvis**


Remington®

Umboð á Íslandi:

Veidiland

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbær
Sími: 588-5830 • Fax: 588-5835 • phh@veidiland.is

Skipting landsins í sex veiðisvæði



Svona lítur veiðiskýrslan út fyrir árið 2003

	VE	VF	NV	NE	AU	SU	FJÖLDI SAMT: VEIÐIDAGA
Svartbakur							
Sílamáfur							
Sílfurmáfur							
Hrafn							
Grágæs							
Heiðagæs							
Fyll							
Dílaskarfur							
Toppskarfur							
Blesgæs							
Helsingi							
Stokkond							
Urtönd							
Rauðhöfðaönd							
Duggönd							
Skúfönd							
Hávella							
Toppönd							
Hvítmáfur							
Hettumáfur							
Rita							
Álka							
Langvíá							
Stuttnefja							
Teista							
Lundi							
Rjúpa							
Kjói							
Resur							
Minkur							
Hreindýr							

Minkaveiðimenn!

Undanfarin tvö ár hefur staðið yfir rannsókn til að meta stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi og áhrif veiða á hann.

Rannsóknin er á vegum Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi í samvinnu við Líffræðistofnun Háskólangs og veiðistjórnunararsvið Umhverfisstofnunar.

Samtals voru 164 minkar veiddir til merkingar og voru þeir frostmerktir til að greina mætti þá frá ómerkum. Merkið kemur fram sem hvít hár á utanverðu læri afturfótar, ýmist fæin hár eða greinilegur blettur. Minkarnir voru einnig einstaklingsmerktir með örmerki undir huð, sem lesa má með þar til gerðu tæki.

Endurheimtur merktra minka fara fram með hefðbundnum veiðum og því er báttaka og samvinna við veiðimenn nauðsynleg til að marktækari niðurstöður fáist. Takist vel til fast upplýsingar um stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi, veiðialagði á stofninum, náttúruleg vanhöld minka og vegalengdir sem þeir geta ferðast. Niðurstöðurnar verða notaðar til að leitast við að ná betri árangri við minkaveiðar í framtíðinni.

Par sem fyrstu niðurstöður benda til að minkar geti ferðast a.m.k. nokkra tugi kilómetra frá merkingarstað og að í sumum tilfellum er frostmerkingin ógreinileg eða ósýnileg, er nauðsynlegt fyrir verkefnið að þeir sem veiða minka á Vesturlandi sendi alla minka sem þeir veiða (ekki eingöngu þá minka sem greina má frostmerki á).

Greiddar verða kr. 400 fyrir hvern fullorðinn mink en kr. 5.000 sé hann merktur og kemur sú upphæð til viðbótar hefðbundnum veiðilaunum.

Best er að setja hvern mink í poka með miða þar sem fram kemur nafn og heimilisfang veiðimanns, dagssetning veiði, veiðiaðferð (hundar, gildrur o.s.frv.) og nákvæmt staðsettning. Skott þarf ekki að fylgja en mikilvægt er að merkja sendinguna sem frostvör. Sendingarkostnaður verður greiddur af viðtakanda. Æskilegt er að minkarnir séu frystir nýveiddir en óskað er eftir að fá öll hræ, hvernig sem ástand beirra er. Veiðimenn sem taka þátt fá sendar upplýsingar um niðurstöður að rannsókn lokinum.

Allir minkar sem veiðast á Vesturlandi skulu sendast til Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur.

Minkaveiðimenn!

Minkaveiðimenn á Vesturlandi!

Munið að senda alla veidda minka til Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólm, vegna rannsóknir á stærð minkastofns.

Greiddar verða kr. 400 fyrir hvern ómerktan, fullorðinn mink og kr. 5.000 fyrir hvern merktan mink.

Leggið ykkar að mörkum til að auka þekkingu á minknum og gera minkaveiðar skilvirkari.



Náttúrustofa Vesturlands

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur

Minkaveiðimenn!

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags: _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

Veiðisvæði: VELI VF NVI NEI AU SU

Veiðistaður: _____ Dags: _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað:

Tegund kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

Veiðisvæði: VEF VF NV NEO AU SU

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU

Veiðistaður: _____ Dags: _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annař:

Tegund kk ung. kk fullo. kyk ung. kyk fullo. samtals

Veiðisvæði: VEH VFH NVH NEH AUH SUH

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____

Veiðisvæði: VEH VFH NVH NEH AUH SUH

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____

Veiðisvæði: VEH VFH NVH NEH AUH SUH

Veiðistaður: _____ Dags _____

Landeigandi: _____ Sími: _____

Vindátt: _____ Úrkoma: _____

Annað: _____

Tegund kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtals

_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____

Vegna mistaka fíll niður endir greinar Ólafs K. Nielsen í Veiðidagbók 2002. Hér kemur lokamálsgreinin eins og hún átti að vera en hægt er að sjá greinina í heild sinni á www.ust.is.

HEIMASVÆÐI RJÚPNA UM VETUR ÓLAFUR K. NIELSEN

Samkvæmt þeiri mynd sem hér er dregin upp hafa rjúpur veturnsetu í og við varplöndin ef skilyrði bjóða upp á slikt. Annars staðar háttar þannig til í varplöndunum, t.d. vegna snjóalaga, að þar er ekki lífvænlegt fyrir rjúpur að reyna veturnsetu og fuglarnir fara því annað. Fyrirliggjandi gögn, bæði frá Suðvesturlandi og úr Eyjafirði og Skagafirði fyrir Hriseyjarjúpur, benda til þess að eftir að fuglinn er kominn á sitt heimaskvæði til vetrardvalar, hvort heldur sá staður er nærrí eða fjarri varplöndum, þá eru þeir staðbundnir.

Syningfella minkagildrur

- Einfaldar og öruggar í notkun
- Einnig refa, katta og músagildrur



www.gildra.is

Veiðitæki

Símar: 4622229 og 8552329



Með augum
fálkans.....

Swarovski
sjónaukar

SWAROVSKI



OPTIK

ÍSNESTEH.



BERETTA

MINKURINN - ÁHUGAVERÐ BRÁÐ

SIGMAR B. HAUKSSON

formaður Skotveiðifélags Íslands

Minkurinn er án efa mesti skað-valdur í íslenskri náttúru og innflutningur hans til landsins árið 1931 mesta umhverfisslys í sögu þjóðarinnar. Fljótegla eftir að minkaeldi hófst hér sluppu fyrstu minkarnir en fyrsta minkagrenið fannst hér árið 1937. Minkurinn hefur aðlagast vel íslenskri náttúru. Viða hefur hann haft afdrifarík áhrif á fuglaliffið, nokkrar tegundir fugla nánast þurrkast út á vissum svæðum. Minkar verða kynþroska á fyrsta vetrar og tímast því árs gamli. Læðan er frjósom og getur hún eignast allt upp í 7 hvolpa. Baráttan við minkinn hefur gengið erfiðlega. Það sem verra er er að enn sleppa minkar úr íslenskum búum. Það er raunar með ólíkindum að svo skuli enn vera og hvað eftirlitil með búnum er lélegt. Þess vegna er það verðugt verkefni fyrir íslenska skotveiðimenn að snúa sér að minknum. Minkurinn getur verið skemmtileg bráð, hann er klókur og styggur. Með því að leggja áherslu á minkaveiðar einhvern tíma ársins eru íslenskri skotveiðimenn að vinna þarf verk. Eins og áður hefur komið fram er minkurinn meindýr hér á landi og ber því að eyða honum hvar sem til hans næst. Þá viljum við hvetja sumarbústaðaeigendur til að setja upp minkagildrur í nálægð bústaða sinna og allir ættu að tilkynna yfirvöldum í hverju sveitarfélagi sjái þeir til minks. Eftir áramót fram á sumar er ekki um auðugan garð að gresja hjá íslenskum skotveiðimönnum, þess vegna er tilvalið að þeir snúi sér að veiðum á mink á þeim árstíma. Eins og áður hefur verið sagt er hann áhugaverð bráð og með því að leggja lóð á vogarskálarnar við útrýmingu minksins eru íslenskri skotveiðimenn að vinna þjóðprifaverk.





ASPRENT

MIKIÐ ÚRVAL AF NÝJUM OG NOTUÐUM BYSSUM

HREINDÝRARIFFFLAR

Sako • Tikka • Remington • Ruger • Savage • Winchester

EINNIG SÉRPÖNTUM VIÐ FLESTAR GERÐIR AF BYSSUM

Vesturröst • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík

Sími: 551-6770 • 581 4455 • www.vesturrost.is • vestrost@mmedia.is

VEIÐIKORTAKERFIÐ

Rekstur veiðikortakerfisins gekk vel á seinasta ári og munaði miklu um að þurfa ekki að senda um 9.000 veiðimönnum bréflega veiðiskýrslu heldur raf-ræna þ.e. í tölvupósti.

Ítarlegar upplýsingar um úthlutanir úr veiðikortasjóði og rekstur veiðikortakerfisins er að finna á heimasiðu Umhverfisstofnunar www.ust.is

Ár	Fj. Umsókna	Útg. veiðikort	Gr. veiðikort	Innkoma	Rekstur
1995	11.572	11.516	11.208	16,8	6,9
1996	12.764	12.664	12.496	18,75	6,9
1997	11.601	11.422	11.202	16,9	6,3
1998	10.871	10.671	10.556	16,8	4,8
1999	10.914	10.655	10.435	16,7	5,5
2000	10.909	10.588	10.503	19,9	5,6
2001	11.096	10.613	10.452	19,8	5,5
2002	11.203	10.685	10.533	20,0	

Á seinasta ári var úthlutað úr veiðikortasjóði til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Vöktun Refastofnsins	1.800.000	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Rjúpnarannsóknir	6.500.000	Náttúrufræðistofnun	Ólafur Karl Nielsen
Gæsa- og andarannsóknir	1.200.000	Náttúrufræðistofnun	
Rannsókn á áreiðanl. veið...	1.500.000	Veiðistjóraembættið	Dr. Arnór P. Sigfús
Fraðsluefni fyrir veiðimenn	750.000	Skotvis	
Samtals	11.750.000		

VEIÐITÖLUR

Stofnstaðr að vori - Varppör nema annað sé tekið fram

Athugið að heildarstofnstaðr er ((varppör x 2) + ókynþroska fuglar)

Dæmi: Rjúpnastofn að hausti ((75.000 x 2) + 700.000 ungar) = 850.000 fuglar

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	Stofnstaðr að vori
Svartbakur	35.787	32.785	29.738	32.328	24.973	20.204	17.897	50.000
Sílamáfur	22.340	22.390	27.257	34.030	19.865	26.741	17.618	25.000
Sílfurmáfur	5.998	4.798	4.881	7.868	6.289	5.569	5.190	4.000
Hrafn	7.119	6.653	5.987	5.535	4.548	3.084	3.879	2.500
Grágæs	35.350	37.657	41.028	37.623	34.909	32.471	32.439	83.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretlandseyj.
Heiðargæs	10.695	12.182	14.639	15.330	13.879	14.227	12.501	200.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretlandseyj.
Blesgæs	3.237	2.947	3.185	3.245	3.309	3.560	3.685	32.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretlandseyj.
Helsingi	1.876	1.619	2.619	2.282	1.376	1.406	1.379	32.000 Heildarfj. fugla að hausti á Bretlandseyj.
Stokkond	9.885	11.467	10.575	10.957	9.323	10.440	9.639	10-15.000
Urtönd	1.033	1.377	1.207	1.095	1.187	2.348	1.741	3-5.000
Rauðhöfðaönd	684	704	626	666	811	1.688	1.354	4-6.000
Duggönd	101	173	232	86	183	204	238	4-6.000
Skúfönd	126	70	158	196	473	82	103	6-8.000
Hávella	2.022	1.860	1.510	1.496	1.843	1.949	1.912	1-3.000
Toppönd	488	757	672	665	546	559	725	2-4.000
Hvíltmáfur	3.942	4.546	3.771	3.187	5.496	4.241	3.106	8.000
Hettumáfur	2.958	2.696	2.853	2.306	1.910	1.523	1.264	25-30.000
Rita	1.371	1.461	2.324	1.433	1.596	1.724	2.135	900.000
Dilaskarfur	2.550	2.975	2.678	1.890	1.627	2.161	3.352	2-3.000
Toppskarfur	5.128	6.499	4.410	2.253	2.237	2.750	3.790	8-9.000
Fylí	8.059	8.920	10.093	8.937	7.639	10.495	10.273	1-2 milljónir
Álka	18.461	27.573	20.708	25.113	27.806	20.243	21.904	380.000
Langvia	52.867	65.099	59.031	65.378	59.787	66.386	52.063	990.000
Stuttnefja	15.114	20.479	15.339	18.294	21.673	16.422	17.228	580.000
Teista	3.424	4.077	3.932	3.817	4.882	4.692	4.852	20-30.000
Lundi	215.517	232.936	184.664	159.700	127.563	128.211	136.300	2-3 milljónir
Rjúpa	123.392	157.900	165.337	158.223	152.833	129.056	101.130	50-100.000
Kjói	2.617	2.292	1.993	1.752	1.302	1.293	1.179	5-10.000
Refur	3.677	3.535	3.927	4.509	4.902	5.413	5.379	3.900 fjöldi dýra að vori
Minkur	6.341	6.693	7.995	7.769	7.703	8.638	8.278	>3.500 fjöldi dýra að vori
Hreindýr	329	359	260	300	406	359	462	2.500 fjöldi dýra að vori
Súla (ungar)	707	994	636	686	438	831	1.196	23.000

FRIÐLÝST SVÆÐI

Umhverfisstofnun



Kær乎 veiðimenn

Akstur utan vega er bannaður. Ástæða þess að reglugerð er sett um bann við akstri utan vega er sú að íslensk náttúra er auðlind sem taka verður til til. Gáleysisleg umgengni og átroðningur er líkleg til að valda miklum spjöllum og breytingu á ásýnd lands m.a. vegna veðrátta og norðlægrar legu landsins. Jarðvegur hér er ríkar af ósku, víkri og örðum áfoksefnum. Hann er grófur og laus í sér og því auðrofinn. Á hléndinu einkennist grðóurþekjan viða af mosarárum sverði og gisnum hálpontugróðri. Grðóurlendi sem þessi eru afar viðkvæm fyrir átroðningi, láta lífjöt á sjá og eru lengi að grða upp. Sýnum því samstöðu – hlífum landinu við akstri utan vega.


Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun vekur athygli veiðimanna á því að hér á landi eru 85 friðlýst náttúruverndarsvæði. Sérstakar umgengnisreglur gilda á hverju svæði fyrir sig. Á eftirtoldum svæðum eru skotveiðar bannaðar með þeim undantekningum sem getið er. Á þeim svæðum sem ekki er getið í listanum er meðferð skotvopna ekki óheimil með visan í náttúruverndarlög. Hins vegar er landeigendum, sveitarstjórnun og hagsmunaaðilum heimilt að setja strangari reglur. Upplysingar um gildandi reglur á friðlýstum svæðum er að finna í auglysingum B-deilda Stjórnartíðöndu og á heimasiðu Umhverfisstofnunar www.ust.is

Svæði	Augl.nr.	Undantekningar frá banni
Suðvesturland		
Astjörn	189/1978	
Ástjörn og Ástfjall	658/1996	
Eldey	119/1974	
Gróttla	13/1984	
Trollabörn í Lækjarbotnum	294/1983	
Varmárosar	506/1987	
Vesturland		
Blautós og Innstavogsnes	166/1999	
Búðahraun	357/1979	
Geitland	283/1988	
Hraunfossar og Barnafoss	410/1987	
Husafellsskógor	217/1974	
Melrákkaey	118/1974	
Ströndin við Stapa og Hellina	284/1988	

Snæfellsjökull	568/2001	
Hvanneyri	364/2002	
Vestfirðir		
Flatey	395/1975	Bændum er heimilt að bægja frá vargi.
Hornstrandir	332/1985	
Hrísey	425/1977	Meindýrav. til varnar æðarvarpi eru heimilar
Vatnstrjörður	96/1975	
Norðurland Vestra		
Hríutey í Blöndu	521/1975	Meindýraveiðar eru heimilar með leyfi bæjarstjómar Blönduðsbæjar.
Miklavatn	29/1977	Eyðing meindýra er heimil
Spákonufellshöfði	444/1980	
Norðurland Eystra		
Böggvisstaðafjall	432/1994	Rjúpnavreiðar eru heimilar
Dettifoss, Selfoss og		
Hafnagilfoss	457/1996	Landeigendum eru heimilar dýraveiðar
Fríland í Svarfaðardal	443/1980	
Herðubreiðarfriðland	272/1974	Meindýraveiðar bænda eru heimilar
Jökulsárgljúfur	359/1993	
Vestmannasvatn	30/1977	Eyðing meindýra er heimil
Austurland		
Díma í Lóni	523/1975	
Esjufjöll í Breiðamerkurkjökli	188/1978	
Fólkvangur Neskaupstaðar	333/1972	Eyðing meindýra er heimil með leyfi náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar. Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar.
Hólmanes	393/1973	
Hvannalindir í Krepputungu	32/1973	
Ingólfshöfði	388/1978	
Kringilsárrani	524/1975	
Lónsorefni	31/1977	Veiðiréttur landeigenda er óbreyttur
Ósland	427/1982	Eyðing meindýra er heimil skv. ákvörðun stjórnar fólkvangsins
Salthöfði og Salthöfðamýrar	249/1977	Eyðing meindýra er heimil
Skaftafell	319/1984	
Skrúður	513/1995	Ábuanda er heimil hlunnindanýting
Súðurland		
Dyrhólaey	101/1978	Hlunnindanýting bænda er heimil.
Dverghamrar	446/1987	
Gullfoss	141/1979	
Herdísarvík	121/1988	
Oddafjöld	634/1994	
Pollengi og Tunguey	457/1994	
Skógfoss	477/1987	
Surtsey	122/1974	Skot bönnuð nær eynni en 2 km
Pingvellir	Log 59/1928	Meindýraveiðar eru heimilar
Pjörssáver	507/1987	

Friðlýst svæði



Skilahappdrætti Veiðistjórnunarsviðs 2003

Pann 12. febrúar var dregið úr þeim 6.006 skýrslum sem var skilað inn fyrir 1. febrúar. Eftirtaldir aðilar höfðu heppnina með sér:

1. verðlaun

GPS staðsetningartæki
Garmin eTrex Legend
með Islandskorti

1. Kjartan Hansson
Löngufit 20
210 Garðabær

2.-10. verðlaun

Myndbandsspóla
Veidíklær
Veidi-matargerð-náttúra
Landmark kvíkmyndagerð

6. Ísak Möller
Rauðási 1
110 Reykjavík

2. Þórður Pálsson
Höfðahlíð 15
603 Akureyri

7. Agnar Eiríksson
Brekkubrún 7
701 Egilsstaðir

3. Eiríkur Kristjánsson
Holtsgötu 25
101 Reykjavík

8. Pétur Viðar Elínarson
Hrafnhólum 6
111 Reykjavík

4. Þórunn Egilsdóttir
Hauksstöðum
690 Vopnafjörður

9. Ásgeir Gunnarsson
Hrauntunga 28
200 Kópavogur

5. Águst Guðmundsson
Sóleyjargötu 8
900 Vestmannaeyjar

10. Vilhjálmur Diðriksson
Helgavatn 1
311 Borgarnes

FUGLAMERKI

HVAÐ Á AÐ GERA VIÐ ÞAU?



Fuglar eru merktir með númeruðum málmhringjum/lithringjum/vængnælum til þess að afla upplýsinga um lífnaðarhætti þeirra, ferðir, lífslengd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er póstfang merkingastöðvar og raðnúmer, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkingum á Íslandi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 400.000 fuglar verið merktir. Aðeins örilitill hluti merkjanна kemur aftur í manna hendur og ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til réttra aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum. Ef þú finnur eða veiðir merktan fugl, þá sendu merkið og upplýsingar um fuglinn til:

Náttúrufræðistofnun Íslands
Fuglamerkingar
Pósthólf 5320
IS - 125 Reykjavík

Lifandi fuglum við góða heilsu skal sleppt aftur með merkinu á. Það skal bent að það er enginn glæpur að veiða merktan fugl, það er gert ráð fyrir því að þeir veiðist líkt og aðrir fuglar. En það er mjög mikilvægt að upplýsingum um merkta fugla sé skilað. Þeir sem skjóta merkta rjúpu eru beðnir að senda höfuð fuglsins ásamt merkinu.

Ef fuglinn er merktur með ráðiósendi þá er nauðsynlegt að fá sendinn aftur því hann er dýrt rannsóknartæki sem er hægt að endurnýta.

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hverrar tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnít eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (fundinn dauður, vængbrotinn, var skotinn o.s.fr.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður).

Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

*Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið,
Náttúrufræðistofnun Íslands
sími 5 900 500, símbréf 5 900 595*

Sérverslun skotveiðimannsins



Bíldshöfða 12 · Reykjavík · Sími 567 5333
Haukamýri 4 · Húsavík · Sími 464 1009
www.hlad.is



Úrdráttur úr lögum um veiðar

Athygli skal vakinn á því að í Lögum um vernd, friðun og veiðar á viltum fuglum og viltum spendýrum nr.64/1994 er Umhverfisráðherra veitt heimild til þess að aflætta friðun á vissum fuglategundum. Á grundvelli þessara laga hefur Umhverfisráðherra gefið út reglugerð um Fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af viltum fuglum nr. 456/94.

Fuglafriðunarákvæðið í reglugerð er það ákvæði sem er í gildi hverju sinni. T.d. er heimild í lögum til þess að aflætta friðun á súlu og skúm en er ekki í reglugerð þannig að súla og skúmur njóta friðunar í dag en ungataku súlu er heimil. Einnig er veiðitímabil ýmissa fuglategunda s.s. grágæsa til 31.mars í lögunum en til 15. mars í reglugerðinni og gildir þá sú dagsetning sem er í reglugerðinni. Ef breytingar verða á veiðitímabilmum verður það auglyst m.a. á heimasiðum Umhverfisstofnunar www.ust.is. Á

heimasiðunni er m.a. hægt að sjá myndir af öllum tegundum fugla sem má veiða, stutta lýsingu á þeim, veiðitolur frá 1995 og áætlaða stofnstaðr þeirra.

Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lögþýla enda geti enginn sannað eignarétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni.

Við veiðar er m.a. óheimilt að nota.

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensin eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, bareflí, eggvogn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota bareflí við hefðbundnar veiðar á fýls-, súlu- og skarfungum.

4. Net nema háf við lunda-, álku, stuttnefju-, og langviuveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.

5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í ætti.

6. Snörur og snörfleka.

7. Fótborga eða gildrur.

8. Rafbúnað sem getur drepið eða rotað.

9. Segulbandstæki eða aðra rafknúna hljóggjafa.

10. Ljósgjafa.

11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.

12. Speglar eða annan búnað sem bindar.

13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta í myndinni.

14. Sjálfvirk skotvopn svo og handhláðnar fjölskotabyssur (pumpur) og hálfsjálfvirk með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothyldki.

15. Lifandi dýr sem bandingja.

16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð. Hunda má hins vegar nota til að finna bráð og sækja særða eða dauða bráð.

17. Vélnuin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en niu sjómílur meðan á veiði stendur.

Vélnuin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða

merktum vegaslöðum. Vélsleðar eru að sjálfsögðu vélknúin farartæki og falla undir þessa grein. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum. Þar sem eggjæða ungataku súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvitmáfs, ritu, álku, langviu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langviu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

Veiðar þessar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af **völdum refa er friðun þeirra aflétt að tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl**. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfenaði eða æðarvarpi stafar bein hætta af. **Heimilt er að veiða mink allt árið um allt land** nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðíárinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði.

**Veiðíarið telst vera frá 1. janúar til
31. desember.**

Veiðiskýrslu ber að skila þótt
veiðimaður hafi ekkert veitt á árinu.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiþískýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikortum. Umhverfisstofnun er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði bannig að hægt sé að rekja

saman veiðiskýrslu og veiðimann. Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru friðaðir nema þeir sem fríðun hefur verið afslætt á eins og sjá má á töflu á bls. 48.

Birt með fyrirvara um breytingar á lögum og reglugerðum.



	Januar	Febrúar	Mars	April	Mai	Júní	Júlí	Agúst	September	Október	Nóvember	Desember	Veiðitimi
Tegund													Allt árið
Svartbakur													Allt árið
Sílamáfur													Allt árið
Sílfurmáfur													Allt árið
Hrafn													Allt árið
Grágæs													20.08 - 15.03
Heiðagæs													20.08 - 15.03
Fyll													01.09 - 15.03
Dílaskarfur													01.09 - 15.03
Toppskarfur													01.09 - 15.03
Blesgæs													01.09 - 15.03
•Helsingi													01.09 - 15.03
Stokkond													01.09 - 15.03
Urtönd													01.09 - 15.03
Rauðhöfðaönd													01.09 - 15.03
Duggönd													01.09 - 15.03
Skúfönd													01.09 - 15.03
Hávella													01.09 - 15.03
Toppongönd													01.09 - 15.03
Hvitmáfur													01.09 - 15.03
Hettumáfur													01.09 - 15.03
Rita													01.09 - 15.03
Álka													01.09 - 10.05
Langvia													01.09 - 10.05
Stuttnefja													01.09 - 10.05
Teista													01.09 - 10.05
Lundi													01.09 - 10.05
Rjúpa													15.10 - 22.12
Kjói													15.04 - 14.07

ATH! Helsingi er friðaður til 25. sept. í A-Skaftafellssýslu og V-Skaftafellssýslu. Þar er kominn upp líttill alislenskur varpstofn sem nauðsynlegt er að taka tillit til.



Powerade er íþróttadrykkur sem gefur orku og tryggir hraða endurnýjun vökvabyrgða likamans.

Powerade er fyrir alla sem eru virkir og stunda hreyfingu.

Powerade hentar vel við æfingar, líkamlega áreynslu eða hvenær sem þorsta sækir að.

HAL TU ÁFRAM.



Benelli

5 ára ábyrgð

á öllum nýjum byssum



Helstu útsölustaðir:

Reykjavík:

Hlað • Vesturröst • Útilíf • Nanoq • Veiðihornið
Jóhann byssusmiður

Landsbyggðin:

Veiðikofinn, Egilsstaðir • Hlað, Húsavík
Sjóbúðin, Akureyri • Rás, Þorlákshöfn
Skagfirðingabúð, Sauðárkróki
Kaupfélag, Blönduósi